

Athugasemdir

46

við mannfjöldaskýrslur þær, er prentaðar eru að framan á bls. 5—20.

1. Ágrip það af mannfjöldaskýrslunum 1873, er prentað er í stjórnartíðindum B 1874, bls. 41, var samið eptir skýrslum biskups og prófesta; en síðan hafa skýrslur þessar verið endurskoðaðar og nokkrar villur í þeim lagfærðar samkvæmt prestakallaskýrslunum, og koma því skýrslur þær, er nú hafa verið prentaðar fyrir 1873, ekki alveg heim við áminnt ágrip.

2. Eins og gjört hefir verið í skýrslum þeim, er bókmentafjelagið hefir látið prenta, eru *andvanafæddir* taldir bæði með fæddum og dánum. Tala þeirra sjest af skýrslunni E. bls. 18. Um *tvi* og *pribura* vísast í skýrsluna B, bls. 15.

3. Í prófastsdæmaskýrslunum (8. bls. 17—20) hefir *Krísuvíkur kirkjusókn*, með því að hún er partur úr Selvogsþingaprestakalli, verið talin með Árness-prófastsdæmi, Kolbeinsstaða- og Krossholts kirkjusóknir í Hitarnessþingum með Mýra-prófastsdæmi, og Svalbarðssókn á Svalbarðsströnd, er heyrir til Glæsibæjar prestakalli, með Eyjafjarðar-prófastsdæmi. Reykjavík og aðrir kaupstaðir eru taldir með þeim prestaköllum og prófastsdæmum, er þeir heyra til. Miðdala prestakall (33, í prestakallaskýrslunum bls. 5—7), hefir frá 1875 verið skipt milli Torfastaða- og Mosfells prestakalla.

4. Á blaðsíðu 19 í prófastsdæmaskýrslunni er sýnt hlutfallið milli fæddra og danna í hverju prófastsdæmi, og sjest þar af, að á öllu landinu hafa á árunum 1873—77 fæddt 3504 fleiri, en dáið hafa.

Af þeim voru karlkyns (fæddir 5985 ÷ dánnum 4337) . 1648.

— — — kvennkyns (— 5836 ÷ — 3980) . 1856

Karlmennt fleiri en kvenmenn (fæddir 149 ÷ dánnum 357) ÷ 208.

Eptir síðustu fólktölu 1. október 1870 (skýrslur um landshagi V, bls. 245) voru kvenmenn 3557 fleiri en karlmenn. Á tímabilinu 1873—77 virðist þannig mismunur þessi hafa aukizt um 208. Hins vegar hafa á tímabilinu verið fermdir 36 fleiri piltar en stúlkur.

5. Með því að skýrslurnar um árið 1872 hafa ekki enn verið prentaðar, verður sem stendur enginn reikningur gjörður um það, hvort landsfólkið hafi fjölgað, síðan það var talið 1. október 1870, þá er hjer töldust 69763 menn. En reikningur þessi hefði, þó tillit hefði orðið tekið til skýrslunnar 1872, orðið að vera óáreiðanlegur, af því að ekki eru til fullkomnar skýrslur um þá menn, er flytja sig úr landinu, og þá, er flytjast inn í það. Af slíkum skýrslum hafa að eins um síðustu ár verið samdar útfaraskýrslur, er á sínum tíma munu verða auglýstar, þegar búið er að endurskoða þær og draga þær saman í eina heild.

6. Samkvæmt fermingaskýrslunum virðast öll hin fermdu börn að hafa verið læs, sum þó ekki nema „laklega“ eða „sæmilega“. Ekki er getið um, að börnin hafi verið skrifandi, nje að þau hafi lært annað en „lærdómsbókina, bænir og sálma“.

7. Til samanburðar við skýrslurnar um 5 ára tímabilið 1873—77 fylgir ágrip af mannfjöldaskýrslum þeim um árin 1852—71, er prentaðar hafa verið í þeim 5 bindum af „skýrslum um landshagi“, er bókmenntafjelagið hefir út gefið; en í þeim eru fermdir ekki taldir fyrr en 1856, og hefir þeim verið sleppt fyrir það ár, af því að það er hið síðasta í 5 ára tímabili:

Hinn 4. marz 1879.

16

Ár	Fæddir.	Dánir.	Fæddir fleiri en dánir.	Slysfarir.	Hjónabönd.	Fæddir.	Ár	Fæddir.	Dánir.	Fæddir fleiri en dánir.	Slysfarir.	Hjónabönd.	Fæddir.
1852	2455	1443	+1012	88	446		Fluttur	25883	19491	6392	890	4600	5098
3	2545	1200	1345	58	472		1862	2693	2874	÷ 181	101	420	1213
4	2557	1509	1048	144	418		3	2648	2115	+ 533	133	439	1270
5	2499	1890	609	79	414		4	2760	2001	759	195	507	1430
6	2477	1485	992	67	544		5	2757	2100	657	92	421	1537
7	2748	1655	1093	107	531	1235	6	2662	3095	÷ 433	116	431	1473
8	2937	2019	918	85	487	959	7	2743	1770	+ 973	83	412	1619
9	2680	2573	107	100	406	1327	8	2449	1970	479	85	349	1441
1860	2460	3326	÷ 866	73	418	837	9	2177	2404	÷ 227	106	324	1458
1	2525	2391	+ 134	89	464	740	1870	2276	1698	+ 578	85	355	1365
							1	2276	1890	386	119	354	1537
Flyt	25883	19491	6392	890	4600	5098							
	Alls	51324	41408	9916	2005	8612	19441						

Þegar þessum 20 árum er flokkað í 5 ára tímabil, og reiknað er út meðaltalið fyrir hvert ár í tímabilinu, koma út eptirfarandi upphæðir, og hefir aptur verið tekið meðaltalið af þeim, og þar við bætt tölunum fyrir 1873—77 með meðaltalinu fyrir hvert ár í þessu tímabili:

5 ára tímabil.	Fæddir		Dánir		Fæddir fleiri en dánir		Slysfarir		Hjónabönd		Fæddir	
	alls	árlega	alls	árlega	alls	árlega	alls	árlega	alls	árlega	alls	árlega
1852—56	12533	2506,6	7527	1505,4	5006	1001,2	436	87,2	2294	458,8	5098	1019,6
1857—61	13350	2670	11964	2392,8	1386	277,2	454	90,8	2306	461,2	6923	1384,6
1862—66	13520	2704	12185	2437	1335	267	637	127,4	2218	443,6	7420	1484
1867—71	11921	2384,2	9732	1946,4	2189	437,8	478	95,6	1794	358,8	7420	1484
Samtals	51324	10264,8	41408	8281,6	9916	1983,2	2005	401,0	8612	1722,4	19441	3888,2
Meðaltal												
1852—71	12831	2566,2	10352	2070,4	2479	495,8	501,25	100,25	2153	430,6	6480,8	1296,08
1873—77	11821	2364,2	8317	1663,4	3504	700,8	474	94,8	2248	449,6	7208	1441,6

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

17 — Brjef landshöfðinga til biskups um að fresta auglýsingu á 2 presta-
27. jan. köllum. — Í tilefni af því að Reynistaðarklausturs prestakall nýlega er orðið laust, hafið þjer, herra biskup, í þóknanlegu brjefi frá 24. p. m. látið í ljósi, að yður virðist ísjárvert, þegar prestaköll þau losna, er samkvæmt uppástungum prestakallanefndarinnar, er væntanlega munu verða lagðar fyrir næsta alþing, hefir verið lagt til um, að annaðhvort yrði lögð niður eða skipt, þegar að veita prestaköll þessi, þar eð framkvæmdin á hinni fyrirhuguðu breyting á skipun prestakalla gæti beðið tjón við það, eða orðið frestað um óákveðinn tíma.

Með því jeg er yður, herra biskup, samdóma um, að eptir því sem á stendur sje ástæða til, ef viðkomandi embætti verði sjeð fyrir tilhlýðilegri þjónustu á millibílinu, að auglýsa ekki slíkt prestakall sem laust, áður en málið um aðra skipun prestakalla hefir verið lagt fyrir alþingi næsta sumar, er prestinum að Glaumbæ, prófasti sira Jóni Hallsyni, hjer með veitt skipun til ásamt sínu eigin embætti að þjóna Reynistaðarklausturs prestakalli til fardaga 1880, þannig að hann njóti allra preststekna af því brauði um